



REYKJANESBÆR

• BYGGINGARFULLTRÚI •

Umsókn um stöðuleyfi

Skilti, gáma, báta, hjólhýsa, torgsöluhúsa eða þessháttar.

Reitur 1 - 3 útfyllist af umsækjenda

Mótt.	Nr. umsóknar	Afgr.
Afgreiðsla byggingafulltrúa		
<input type="checkbox"/> Samp.	<input type="checkbox"/> Hafnað	
Gildistími stöðuleyfis gildir frá og með		

1. Umsækjandi:

Nafn umsækjenda / eigenda	Kennitala	Heimilisfang	Póstnr.

2. Sótt er um stöðuleyfir fyrir:

<input type="checkbox"/> Gáma	<input type="checkbox"/> Báta	<input type="checkbox"/> Hjólhýsi	<input type="checkbox"/> Torgsöluhús
<input type="checkbox"/> Fjöldi	<input type="checkbox"/> Fjöldi	<input type="checkbox"/> Fjöldi	<input type="checkbox"/> Annað _____

3. Lóð og staðsetning: Afstöðu-/grunnmynd sem sýnir staðsetningu og fjölda skal fylgja með umsókn.

Heiti/staðsetning	Nr.	Staðgreinir	Starfsemi

4. Skýring: Ástæða umsóknar og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri við afgreiðslu málsins.

5. Leiðbeiningar til umsækjenda:

Umhverfis og skipulagsvið Reykjanesbæjar (USK) leitast við uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd innan Reykjanesbæjar. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem um svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

Almennt um stöðuleyfi fyrir skilti, hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar:

Stöðuleyfi felst í að staðsetja hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar á tilteknum stað í tiltekin tíma þó mest í eitt ár í senn. Heimilt er að óska eftir framlengingu í allt að eitt ár. Umsækjenda ber að boða byggingafulltrúa til úttektar við staðsetningu og að loknum frágangi. Byggingafulltrúi getur krafist úrbóta telji hann þess þörf. Kostnaður af úrbótum fellur á umsækjanda/lóðarhafa.

Með vísan í byggingareglugerð 441/1998 um hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar.

71.1 Óheimilt er að láta hjólhýsi standa til notkunar á sama stað, utan tjaldstæða og skipulagðra hjólhýsasvæða, lengur en einn mánuð án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, t.d. vegna byggingarframkvæmda á lóð, veitt tímabundið leyfi fyrir hjólhýsi enda verði það fjarlægð þegar byggingarframkvæmdum er lokið.

71.2 Gámar skulu ekki standa utan skipulagðra gámasvæða eða gámastæða á lóð. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, svo sem vegna byggingarframkvæmda, þjónustu eða sorpsöfnunar, veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.3 Bátar skulu ekki standa utan skipulagðra geymslusvæða fyrir báta lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.4 Torgsöluhús skulu ekki standa utan skipulagðra svæða fyrir torgsöluhús lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, s.s. vegna hátíðahalda, veitt tímabundið leyfi fyrir torgsöluhúsum.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

210.1 Sinni aðili ekki fyrir mælum byggingafulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt.